

**M-4/2008 Álit 7. apríl 2008**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 7. apríl 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-4/2008:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 21. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hennar á rúllukragabol hjá fataversluninni Y. Álitsbeiðandi vill fá kaupverð bolsins endurgreitt.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 31. janúar sl., og var gefinn frestur til að skila þeim til 12. febrúar. Andsvör bárust 15. febrúar. Með bréfi, dags. 26. febrúar var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 7. mars. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 10. mars sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt umræddan rúllukragabol hjá Y, 31. ágúst sl., og hafi hann kostað kr. 2.990. Hún hafi ætlað að nota bolinn skömmu seinna og klætt sig í hann en hætt við. Þegar hún hafi farið úr bolnum hafi fingur hennar farið í gegn um bolinn og hann rifnað við það. Álitsbeiðandi segist hvorki hafa verið með hringi eða skarpar neglur. Hún hafi ákveðið að fara í verslunina með bolinn og sýna þeim þar en þegar kaupin hafi farið fram hafi hún mátað annan bol sem gat hafi verið á og hafi hún haldið að etv. væri þetta gölluð tegund af bolum. Verslunareigandinn hafi skoðað gatið á bolnum og síðan rífið það svona 3 sentimetrum meira og eyðilagt bolinn gjörsamlega. Hún hafi lítið kippt sér upp við það því að hún hafi haldið að hún fengi nýjan bol. Síðan hafi verslunarstjórinn sagt að hann hafi haldið að bolurinn væri ónýtur hvort sem væri og boðið sér annan bol með helmingsafslætti sem hún hafi ekki viljað sætta sig við.

### **IV**

#### **Andsvör seljanda**

Seljandi segir bolinn sem álitsbeiðandi keypti vera úr sama efni og aðrar vörur frá Z sem hann selji í þúsundavís. Gallar hafi ekki komið fram í efninu og ekki hafi verið gat á bolnum þegar álitsbeiðandi hafi mátað hann en bolurinn sé mjög þröngur.

Álitsbeiðandi hafi komið í verslunina með bolinn og þá hafi verið ca 1,5 cm gat framan á honum. Seljandi kveðst því hafa dregið þá ályktun að ekki væri hægt að nota bolinn. Til þess að sýna álitsbeiðanda styrk bolsins kveðst seljandi hafa teyggt hann og togað. Síðan tekið í gatið til að athuga hvort um staðbundinn galla hafi verið að ræða og hafi þurft töluvert átak til þess að rífa upp gatið. Bolurinn hafi verið rifinn og ónýtur í sínum augum þegar álitsbeiðandi hafi komið með hann og engu verri þegar hún hafi

farið. Að sjálfsögðu hafi hann boðið álitssbeiðanda að halda bolnum og boðið 50% afslátt af sams konar flík þar sem hann hafi séð að bolurinn hafi haft verðgildi í augum hennar. Bolinn mætti nota undir annan fatnað en seljandi segir sér ekki hafa dottið það í hug. Seljandi segir að í sínum huga sé ekki um galla í efni eða saumaskap bolsins að ræða og því geti hann ekki fallist á að endurgreiða kaupverð hans. Hins vegar segir seljandi að skoða mætti að álitssbeiðandi fengi að skila bolnum á þeim grundvelli að hann hafi rifið hann.

## V

### Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitssbeiðanda og verslunarinnar Y falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Kærunevndin hefur skoðað bolinn sem álitssbeiðandi keypti. Nevndin telur ekki í ljós leitt að um gallað efni sé að ræða þótt gat hafi komið á bolinn en tiltölulega lítið átak þarf þó til þess að koma fingri í gegnum efnið eins og álitssbeiðandi virðist hafa gert. Við þetta mat verður að hafa í huga að ekki var um sérstaklega dýra flík að ræða. Verður þannig að byggja á því að bolurinn hafi verið ógallaður þegar álitssbeiðandi fékk hann í hendur og notaði.

Kærunevndin telur hins vegar að bolurinn hafi ekki að fullu tapað notagildi og verðmæti sínu á þeim tíma er álitssbeiðandi kom með hann aftur í verslunina. Þannig hefði mátt nota bolinn undir vesti eða önnur föt án þess að rifan sæist. Aðgerðir seljanda leiddu hins vegar tvímælalaust til þess að notagildi bolsins rýrnaði það mikið að ekki er hægt að gera ráð fyrir að hann sé í raun nothæfur. Þótt andsvör seljanda séu ekki ótvíræð telur kærunevndin að þau verði að skilja svo að hann telji a.m.k. ekki ósanngjarnt að álitssbeiðandi fái að skila bolnum vegna aðgerða seljanda sjálfs, sem eðlilega hefði í för með sér endurgreiðslu kaupverðsins.

Með það í huga sem sagt er hér að framan er það álit kærunevndarinnar að álitssbeiðandi hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða seljanda. Samkvæmt ákvæðum 33. gr. laga nr. 48/2003, þar sem segir að neytandi geti krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut, þykir kærunevndinni rétt, eins og hér stendur á, að seljandi bæti álitssbeiðanda gallann með því að endurgreiða henni kaupverð bolsins, kr. 2.990.

V

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 2.990.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir